



ADALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

1999

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla

1. gr.

Með vísan til 4. gr. laga nr. 78/1994, um leikskóla, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá leikskóla tekur gildi frá og með 1. júlí 1999. Um leið fellur úr gildi Uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem kom fyrst út árið 1985 á vegum menntamálaráðuneytisins og var endurútgefin í apríl 1993.

2. gr.


Aðalnámskrá leikskóla er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans. Þar er lýst markmiðum leikskólastarfsins og leiðum að settu marki.


Aðalnámskráin verður gefin út 1. júlí 1999 af menntamálaráðuneytinu og verður dreift til sveitarstjórna.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 4. maí 1999


Björn Bjarnason


Guðriður Sigurðardóttir

AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

1999

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 13

Maí 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.
Ljósmyndun: Kristján Maack
Myndskreytingar: XYZETA ehf.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-24-7

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Leikskólinn	7
Markmið leikskólastarfs	
Aðalnámskrá — uppeldisstefna leikskóla	
Leiðir að markmiðum	
Leikur og leikskólastarf	11
Leikurinn	
Barnahópurinn	
Sérþarfir barna	
Lífsleikni	
Daglegt líf í leikskóla	
Námssvið leikskóla	19
Námssvið	
Hreyfing	
Málrækt	
Myndsköpun	
Tónlist	
Náttúra og umhverfi	
Menning og samfélag	
Samstarf heimilis og leikskóla	30
Foreldrasamstarf	
Tengsl leikskóla og grunnskóla	33
Samvinna skólastjóra, kennara og foreldra	
Heimsóknir nemenda og sameiginleg verkefni	
Skólanámskrár	34
Skólanámskrá	
Undirbúningur skólanámskrár	
Námskrár um afmarkaða þætti	
Mat á leikskólastarfi	39
Sjálfsmat	
Viðmið fyrir sjálfsmat	
Ytra mat	
Matsþættir	
Þróunarstarf í leikskólum	45
Ferli þróunarstarfs	







INNGANGUR

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og lengi býr að fyrstu gerð. Með nýrri aðalnámskrá fyrir leikskóla, hinni fyrstu sem gefin er út á Íslandi, er umhyggjan fyrir barninu höfð að leiðarljósi.

Markvisst hefur verið unnið að því að styrkja leikskólastigið. Menntun leikskólakennara er nú öll á háskólastigi og meðal þeirra ríkir mikill metnaður til að gera góða leikskóla enn betri. Hið sama á við um fjölmarga aðra starfsmenn leikskólanna. Frá upphafi hafa þeir lagt ómetanlegan skerf af mörkum við mótun og þróun leikskólans. Þá reynslu og þekkingu ber að nýta eins og kostur er.

Undanfarin misseri hefur verið unnið í anda nýrrar skólastefnu að gerð námskráa fyrir öll stig íslenska skólakerfisins til að styrkja og móta skilvirkt starf í einstökum skólum og í skólakerfinu í heild. Í námskránum er stefnt að eðlilegri samfelli og stígandi á námsleiðinni.

Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og byggist á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla og uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Aðalnámskrá geymir einnig upplýsingar og viðmiðun fyrir foreldra til að þeir geti fylgst með vinnu í leikskólum og árangri starfsins.



Björn Bjarnason
menntamálaráðherra

6





LEIKSKÓLINN

Markmið leikskólastarfs

Samkvæmt lögum nr. 78/1994 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið.

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera að

- veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði
- gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara
- kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar
- stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna
- efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun
- rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt

Aðalnámskrá – uppeldisstefna leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf.

Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á að mynda sveigjanlegan starfsramma. Á grundvelli þessa leiðarvísis á sérhver leikskóli að gera eigin skólanámskrá.

Aðalnámskrá leikskóla

- er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans
- byggist á barnhverfri hugmyndafræði þar sem þroski barnsins og þarfir eru þungamiðja
- er ætlað að samræma uppeldi og menntun barna í leikskólum landsins
- er viðmiðun við mat á leikskólastarfi og menntun leikskólakennara
- er ætlað að tryggja gæði leikskóla og jafna uppeldis- aðstöðu barna

Leiðir að markmiðum

Í leikskóla á að leggja áherslu á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Í leikskóla skal rækta alhliða þroska barnsins sem felst m.a. í líkams- og hreyfiproska, tilfinningaþroska, vitsmunaþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Í leikskóla ber að hlúa að öllum þessum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli þessara þroskaþátta.

Líkams- og hreyfiþroski

- veita barni líkamlega umönnun
- stuðla að heilbrigðum lífsháttum, hollustu og góðum matarvenjum
- vernda heilsu barns og temja því hreinlæti
- stuðla að því að barn verði sjálfbjarga
- efla hreyfiþroska og hreyfigetu
- styrkja samhæfingu hreyfinga
- stuðla að velliðan og öryggi

Tilfinningaþroski

- búa barni umhverfi með öryggi, hlýju og festu
- kenna barni að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum
- efla sjálfstraust barns og trú á eigin getu
- veita barni frelsi til að tjá tilfinningar sínar, reiði, ótta, gleði og sorg
- veita barni aðstoð í erfiðleikum þess

Vitsmunaproski


- búa barni lærdómsríkt og örvandi umhverfi
- þjálfa athyglisgáfu barns, hugsun, minni og einbeitingarhæfni
- hlusta á barn og svara spurningum þess
- þroska tjáningu og hugtakaskilning barns
- spyrja barn spurninga sem leiða til gagnrýnnar hugsunar

Málþroski

- auka orðaforða
- ræða við barn í leik og starfi
- hvetja barn til að tjá sig: segja frá, ræða við aðra
- lesa fyrir barn, segja því sögur og ævintýri og fara með þulur og kvæði

Félagsþroski og félagsvitund

- stuðla að traustum og hlýjum samskiptum milli barna
- örva samskipti barns við fólk á mismunandi aldri



- beina barni að hópstarfi og styðja við það þegar þörf krefur
- hjálpa barni til að leysa deilur á farsælan hátt
- hvetja barn til að sýna öðrum virðingu og umburðarlyndi
- hvetja barn til að virða skoðanir annarra
- stuðla að því að barn temji sér góða umgengni
- stuðla að því að barn fái notið sin, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú
- efla jafnréttisvitund barns
- efla skilning barns á gildi vináttu

Fagurþroski og sköpunarhæfni

- stuðla að því að barn njóti margháttáðrar reynslu sem örvar hugmyndaflug þess og skapandi tjáningu
- örva sköpunarhæfni barns og sköpunargleði
- búa barni aðstæður og efnivið sem örvar frjálsa og skapandi tjáningu
- örva fegurðarskyn barns í smáu sem stóru
- veita barni tækifæri til að njóta lista
- vekja áhuga barns á umhverfi og náttúru

Siðgæðisþroski og siðgæðisvitund

- örva barn til að sýna umhyggju og umburðarlyndi
- hvetja barn til sáttfýsi og samvinnu
- vekja skilning barns á að óbilgirni og ofbeldi leysir engan vanda
- hvetja barn til hjálpsemi og ábyrgðarkenndar gagnvart mönnum og málleysingjum
- kenna barni að bera virðingu fyrir öðru fólki óháð trúar- og lífsviðhorfum, kynþætti, uppruna, menningu eða atgervi
- fræða barn um kristilegt siðgæði

Með markmiðsgreinar laga um leikskóla og ofangreindar leiðir sem stefnumið ber að leitast við að efla heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf barns, lífsleikni og sjálfstraust þess.





LEIKUR OG LEIKSKÓLASTARF

Leikurinn

Á bernskuárum er leikur lífstjáníng barns, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins og lífstjáníng og gleðigjafi barns. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáníngarform barns. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Reynsla barns endurspeglast í leiknum. Til þess að leikurinn geti þróast og eflst þarf barn upplifun, hugmyndaflug og efnivið. Sjálfsprottinn leikur greinist frá öðru atferli í því að hann er skapandi og barnið stjórnar honum sjálf.

Í sjálfsprottnum leik er barn

- sjálfrátt og sjálfstætt
- stjórnandi og skapar leikinn úr eigin upplifunum og hugarheimi
- að taka ákvarðanir og leysa úr vandamálum
- einbeitt, það gleymir stund og stað
- upptekið af augnablikinu, það er ferlið sem skiptir máli
- laust við utanaðkomandi reglur aðrar en þær sem það setur sjálf eða í samráði við leikfélagana

Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug birtist í leikjum þess.

Í leik lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Leikur mótast af þroska barnsins, bakgrunni þess og uppeldisumhverfi.

Barn er ekki einungis leikfúst, það er einnig nám- og verkfúst. Barn hefur mikla þörf fyrir að takast á við verkefni sem reyna á færni þess, bæði andlega og líkamlega. Því vex stöðugt þróttur, þor og úthald með ári hverju. Barn getur smám saman einbeitt sér æ lengur að viðfangsefnum og leikjum. Það er forvitið og vill fást við krefjandi leiki og verkefni. Leikskólinn á að veita börnum viðfangsefni og aðstöðu sem hæfir þroska þeirra, áhuga og getu.

Leikur og sköpunarmáttur

Leikir barna mótast af hugmyndaauðgi þeirra og sköpunarmætti, þ.e. hæfni til að sjá ný tengsl, að koma fram með nýstárlegar hugmyndir og víkja frá hefðbundnu hugsanamynstri.

Skapandi barn er næmt á umhverfið og umhverfið frjógvar hug þess. Það hefur áhuga á því smáa, á áferð, lögun og litum. Þessi frumleiki barns birtist með margvíslegum hætti: í leikrænni tjáningu, í máli, myndgerð, tónum og hreyfingum. Skapandi barn hugsar oft og framkvæmir með öðrum hætti en viðtekið er og það getur tekið áhættu.

Leikur endurspeglar reynsluheim barnsins, þá menningu og samfélag sem það býr í. Barnið lifir sig inn í atburði sem gerast í kringum það. Í leik rifjar barnið upp það sem það hefur séð, heyrt og upplifað, lætur ímyndunaraflið ráða ferðinni, umbreytir persónum og atburðum eftir skilningi sínum og tilfinningum. Spuninn í leiknum þróast oft í samráði við leikfélagana.

Leikskilyrði og efniviður

Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Margir samofnir þættir hafa áhrif á leik barna í leikskóla; samsetning barnahópsins og innbyrðis tengsl barna, leikskilyrði og efniviður innanhúss og utan.



Lýsing og hljómburður í leikskóla hefur mikil áhrif á leik og líðan barna. Hlýlegt umhverfi stuðlar að ró í samskiptum barna en ofhlaðnar leikstofur geta skapað óróa. Hætt er við að snautt og tilbreytingarlítið umhverfi sé hvorki vekjandi né þroskavænlegt.

Skipulag og umhverfi leikskóla hefur áhrif á leik barna og getur stutt við leikinn en einnig verkað hamlandi. Umhverfið er stundum kallað þriðji uppalandinn í leikskóla, næst barnahópnum og leikskólakennara.

Börnin þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka. Leik skal því ætlaður góður og samfelldur tími í dagskipulagi leikskóla. Börn þurfa vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Leikbúnað allan ber að velja í samræmi við þroska barna.

Helstu leikefni, sem vera ættu í hverjum leikskóla, eru

- efniviður til skapandi starfa
- ýmsar gerðir af verkfærum
- búnaður til þykjustu- og hlutverkaleikja
- kubbar og annað efni til byggingarleikja
- hljóðfæri
- tölvur
- inni- og útileiktæki

Hlutverk leikskólakennara í leik barna

Þó að börn þurfi að leika sér á eigin forsendum á leikskólakennari ekki að vera aðgerðarlaus. Langur vegur er á milli aðgerðarleysis og stjórnunar. Leikskólakennari á að fylgjast vel með leiknum og á ávallt að vera reiðubúinn að örva eða taka þátt í leiknum og þá á forsendum barnanna. Leikskólakennari veitir þannig öryggi, getur vakið áhuga, svarað spurningum, spurt spurninga eða frætt börnin. Leikur verður oft skemmtilegri ef leikskólakennari bregður á leik, gantast og hlær með börnum.

Leikskólakennari þarf að vera næmur á andlegar og líkamlegar þarfir barnsins og fylgjast gaumgæfilega með börnunum í leik. Þannig kynnist hann börnunum betur og getur áttað sig á hvað leikurinn kann að endurspegla. Börn dvelja að öllu jöfnu lengur við leik og störf ef leikskólakennari er nálægur. Návistin veitir barni öryggi og stuðning. Börn skynja fljótt hvort áhugi er á leik þeirra og sækjast þá eftir að fá viðkomandi með í leikinn.

Leikskólakennari þarf að ætla sér tíma til uppeldislegra athugana og skráningar á atferli barns, bæði þegar það er eitt og í samspili við barnahóp.

Barnahópurinn

Hópleikir og hópstarf eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Barn þarf að læra að leika sér og starfa í barnahópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.

Barn lærir annað og með öðrum hætti í samskiptum sínum við önnur börn en í samskiptum sínum við fullorðna. Í hópi jafnaldra fá börnin tækifæri til að láta til sín taka, eiga frumkvæði, leika sér og starfa og deila gleði með öðrum. Þau líkja hvert eftir öðru og hjálpast að og vinátta skapast. Í samskiptum við önnur börn eykst félagslegur þroski barna og lífsleikni.

Með þátttöku í barnahópi — stórum eða litlum — öðlast barn margþætta félagslega reynslu. Það þarf að finna að það hafi hlutverki að gegna þar og tilheyrri hópnum. Barn á að fá margvísleg tækifæri til að njóta samverustunda og gleðjast með öðrum. Hópstarf og einstaklingsþroski eru ekki andstæður. Heilbriggt hópstarf örvar þroska einstaklings, þroski einstaklings auðgar starf hópsins. Efniviður og verkefni eiga að örva hópleiki. Jafnframt þarf að gefa börnum kost á að leika sér í ró og næði í návist starfsfólks.



Leikskólakennari þarf að fylgjast vel með líðan hvers barns og breytingum í hegðun þess, með samskiptamynstri í barnahópi og gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki. Örva skal samvinnu barna, það eykur samheldni þeirra og ábyrgðarkennd. Mótuð stefna þarf að ríkja um aðhald og hæfilegan aga í leikskóla og í samskiptum barna.

Sérþarfir barna

Börn hafa mismunandi getu, reynslu og þroska. Þau hafa þörf fyrir samneyti við önnur börn, jafnt jafnaldra sína sem eldri og yngri börn. Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.

Taka ber sérstakt tillit til barns sem á einhvern hátt er fatlað eða með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika. Það þarf að njóta sérstakrar aðstoðar til að veiga upp á móti þeirri hömlun sem fötlunin setur því. Sama gildir um heyrnarlaust og heyrnarskert, blint og sjónskert barn. Sérhvert barn þarf að fást við viðfangsefni við sitt hæfi. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Styrkja ber sjálfmynd barnsins. Barn hefur þörf fyrir að vinna sigur, það sem á við fötlun, hömlun eða veikindi að stríða jafnt sem heilbriggt barn. Leikskólinn á að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú. Þau þurfa að öðlast sjálfsöryggi í hinu nýja umhverfi og tilfinningu fyrir því að þau séu velkomin þar. Þannig halda þau sjálfsvirðingu sinni og styrkja sjálfstraust sitt.

Barn, sem býr við langvarandi veikindi, skal njóta dvalar í leikskóla eftir því sem heilsa þess og kraftar leyfa. Félagskapur og þátttaka í leik og starfi er því nauðsynleg, það dregur úr kvíða barnsins og hjálpar því í erfiðleikum þess. Því skal sýna sérstaka alúð og nærfærni því að oft er þrek

Þess og úthald skert. Leiðsögn og stuðningur skal taka mið af þörfum hvers barns og vera í nánú samráði við foreldra.

Ýmiss konar atburðir og erfiðleikar í lífi barns geta orðið því þungbærir og haft djúp áhrif á hegðun þess og líðan. Leikskólinn skal hjálpa barninu við að vinna bug á ótta sínum og öryggisleysi.

Lífsleikni

Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Í leikskóla ber að efla lífsleikni barna með því að rækta þá þroskaþætti sem ræddir eru í kaflanum um leiðir að markmiðum.

Í leikskóla á að kenna barni lýðræðisleg vinnubrögð. Það skal taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Ræða þarf við barnið um ýmis áform sem varða það og um áhugamál þess. Það þarf að finna að tillit sé tekið til óska þess og álits.

Lífsleikni felst m.a. í því að virða reglur. Leikskóli skal setja reglur sem gilda eiga í barnahópi og skýra tilgang þeirra fyrir börnum. Eðlilegt er að eldri börn taki þátt í að setja sumar reglur í barnahópi og ræða þær. Er það vísir að lýðræðislegum vinnubrögðum sem börn þurfa smám saman að temja sér. Styðja þarf börn í að virða settar reglur og gefa þeim kost á að leysa úr eigin málum og deilum á friðsamlegan hátt. Samskipti í leikskóla þurfa að vera með þeim hætti að allir virði rétt annarra.



Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra

- undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi
- að bera virðingu fyrir öðrum
- að sýna umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, ólíkri menningu og reynslu
- að þekkja sinn innri mann og styrkja sjálfstraust sitt
- að auka færni sína til samskipta og umgengni við félagana
- að beita röklegri hugsun, spyrja spurninga og leita svara
- að virða lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og í samfélaginu
- að í samskiptum manna er nauðsynlegt að hafa reglur sem ber að virða
- að bera virðingu fyrir náttúrunni — umhverfinu, dýrum og jurtum

Daglegt líf í leikskóla

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Dagskipulagið á að sníða að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps, dvalartíma og öðrum ytri skilyrðum. Í skipulagi leikskólastarfs þarf að ríkja jafnvægi á milli mismunandi þátta, á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, á milli félagslegra samskipta og einstaklingsverkefna og á milli hvíldar og þátttöku í leik og starfi. Skipulag og ákveðnar tímasetningar á daglegum atburðum gefa leikskólastarfinu festu og tryggja hæfilegan og samfelldan tíma til leikja og skapandi starfs.

Þegar börn og leikskólakennari sitja saman við matarborð gefst gott tækifæri til að styrkja góða borðsiði og til að spjalla við börnin. Með því að taka þátt í borðhaldi með börnum skapar leikskólakennari festu og ró. Mat skal bera snyrtilega fram og hann á að vera hollur og næringarríkur. Þegar börn

hafa náð nægum þroska eiga þau að hjálpa til við undirbúning máltíða og við frágang að máltíð lokinni. Það styrkir félagsvitund barna og þau læra að meta gildi samvinnu. Í leikskóla skal styrkja hreinlætisvenjur barnsins.

Hvíldartími gefur tækifæri til að skapa tengsl við hvert einstakt barn og barnahópin sem heild. Í fataherbergi leikskóla lærir barnið smám saman að klæða sig úr og í og að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum og börnin hjálpa þar hvert öðru.

Barn þarf að finna að það sé velkomið á hverjum degi í leikskólann. Getur það haft áhrif á líðan barnsins allan daginn. Kveðja skal sérhvert barn þegar það býst til heimferðar.





NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

Námssvið

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Leikir, sem reyna á líkamann, veita barni útrás.

Börn eru sífellt á hreyfingu og þau fara fljótt að tjá sig með hreyfingum. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol. Barn skynjar líkama sinn og nær smám saman betri stjórn á hreyfingum sínum. Í hreyfileikjum öðlast barn skilning á styrk sínum og getu og sjálfstraust þess vex. Samhæfing hreyfinga, jafnvægi og öryggi barnsins eykst.

Í hreyfileikjum lærir barn að meta aðstæður. Það lærir að velja, hafna og þora. Leggja ber áherslu á að barnið læri ýmis stöðuhugtök og að átta sig á rými, fjarlægðum og áttum. Ýmsir hlaupaleikir reyna verulega á þrótt barnsins og úthald, örva hjartslátt og blóðrás. Í hvíld og slökun í lok slíkra leikja skynjar barn muninn á spennu og slökun. Með því að fylgjast með hreyfingu barns sér leikskólakennari þroska þess og framfarir.

Útivera

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, þau skynja nánasta

umhverfi sitt og læra að meta það. Utan dyra geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Þar geta þau hlaupið, hoppað, stökkið og klifrað. Leikvelli leikskóla eiga að vera vel fallnir til alls konar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra.

Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál — móðurmálið — tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Tungumálið er snar þáttur í menningu þjóða og þjóðarbrota. Móðurmál okkar og bókmenntaarfur tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð. Því ber að leggja áherslu á málrækt: í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Einnig skal hvetja barn til að spyrja, segja frá og hlusta með athygli. Málörvun á að flétta inn í sem flesta þætti leikskóla-starfsins. Einkum á að nota leikinn í þessu skyni en ótal aðrar stundir í dagsins önn eru vel fallnar til málörvunar.

Samtöl

Hvetja á barnið til að segja frá atburðum og öðru sem því er hugleikið og þá skal hlustað af athygli. Samræður, sem byggjast á opnum spurningum þar sem svarið krefst íhugunar, örva gagnrýna hugsun. Hvetja þarf börn til að færa rök fyrir máli sínu. Börn spyrja oft heimspekilegra spurninga. Ein spurning vekur oft upp aðra. Ber að hlusta vel á svör barna og hugleiðingar. Samræðuaðferð, sem notuð er í „barnaheimspeki“, á vel við í leikskólastarfi. Nauðsynlegt er að gæta þess að sérhverju barni gefist kostur á að leggja eitthvað til málanna.

Barnabækur, sögur og ævintýri

Barnabækur eru ómissandi í leikskólastarfi, bæði til málörvunar og til að miðla fróðleik og reynslu. Bækur þurfa að vera hluti af daglegu umhverfi barna til að þau læri að njóta þeirra. Í leikskóla ber að leggja ríka áherslu á að lesa



fyrir börn efni sem hæfir aldri þeirra og þroska. Einnig skal segja börnum sögur og ævintýri frá eigin brjósti. Það er persónulegt tjáningarform sem nær oft athygli barna betur en upplestur úr bók. Sögumaður er í nánari tengslum við börnin og frásögnin er oft meira lifandi en þegar lesið er.

Þegar lesið er fyrir barn þjálfast það í að hlusta og því skal gefið tækifæri til að ræða um atburði og persónur sögunnar. Sögur geta og hjálpað barni til að skilja tilfinningar sínar og annarra.

Heimsóknir eldri barna á bókasöfn ættu að vera fastur liður í lífi leikskólabarna. Þá kynnast þau veröld bóka, hvernig hægt er að fá bækur að láni og að þeim verður að skila aftur.

Orðaforði, lestur og ritun

Hjá barni vaknar fljótt áhugi á rituðu máli og síðar fyrir lestri og skrift. Í leikskóla ber að skapa umhverfi sem hvetur barn til þess að kanna leyndardóma ritaðs máls og vekur löngun þess til að læra að lesa og skrifa.

Fyrstu kynni barns af rituðu máli hefjast oft í leik þess. Margs konar leikir og leikföng í leikskóla búa barnið á eðlilegan hátt undir að læra að lesa og skrifa. Ýmsir samtengingar-, röðunar- og tölvuleikir skerpa formskyn barnsins og leikir með rím, tóna og takt auka hæfni þess til að greina hljóð. Smám saman lærir barn heiti bókstafa, það áttar sig á lestrarátt og að orð eru búin til úr hljóðum sem það þekkir. Það fær áhuga á texta bóka og tengir hann við talmálið. Þessi áhugi vex eftir því sem líða fer á leikskólaaldur.

Ýmsir leikir barna, eins og að handfjatla og skoða bækur, nota blýanta og liti og að lesa og skrifa í „þykjustunni“, fela í sér hvatningu til þess að læra að lesa og skrifa.

Gera á ritað mál áberandi í leikskóla, t.d. með því að skrifa nafn barns með prentstöfum við mynd þess, skrá frásögn þess og lesa hana síðan fyrir barnið. Skilst því þá betur að skrifaður texti er tákn fyrir talmál og geymir frásögnina. Er það börnum hvatning til að læra að lesa.

Orðaforði og hugtök

Barn fær frumreynslu sína af hugtökum, sem tengjast stað, stærð og tíma, í mörgu sem lýtur að daglegu lífi. Þessi fyrirbæri og hugtök, sem þeim tengjast, eru tekin hér sem dæmi um eflingu orðaforða barna og skilning þeirra á hugtökum. Barn nemur þessi hugtök af ýmsu í daglegu lífi sínu. Það fer smám saman að skilja tímaröð og tímahugtök og læra orð yfir þau. Dagskipulag leikskólstarfs felur í sér reglubundna tímaröð starfsþátta. Vekja ber áhuga og athygli barnsins á skiptingu tíma í klukkustundir, daga, vikur, mánuði og ár. Barn kynnist klukkunni í sambandi við tímaröðun starfsþátta, það kynnist dagatalinu, heitum daga og viku- og mánaðaskiptingu og það kynnist árstíðaskiptum af breytingum í veðurfari.

Nota má margvísleg tækifæri, t.d. í hreyfileikjum, byggingarleikjum og myndgerð, til þess að efla hugtaka-skilning barns á ýmsu er lýtur að fjölda, magni, þyngd, hæð, lengd og breidd. Barn gerir sér smám saman gleggri grein fyrir rými og rúmtaki hluta og efna og lærir orð yfir þau.

Myndsköpun

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill. Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli. Frjáls og skapandi myndgerð barna, eins og t.d. teikningar, mótast af þroskastigi þeirra, reynslu og uppvaxtarskilyrðum. Skapandi myndmótun eflir sjálfstraust barnsins.

Í leikskóla á að veita barni fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margs konar mótanlegum efnum. Barn



þarf að kanna ýmiss konar efni, kynnast eðli þeirra og eigindum og gera frjálslegar tilraunir. Það þarf að æfast í að samhæfa auga og hönd, þjálfar finhreyfingar og að læra að nota einföld tæki og verkfæri. Barn nýtur þess að skapa og sjá hverju það fær áorkað. Það sér reynslu sína og skapandi afl birtast í teikningum, smíðisgripum o.fl. Í sköpunarstarfinu þroskar barn með sér einbeitingu, æfist stig af stigi við að leysa æ flóknari verkefni. Það lærir að miðla hugmyndum sínum og tilfinningum til annarra með myndum og ýmiss konar táknum.

Börn eiga auðvelt með að tjá tilfinningar sínar í myndsköpun, t.d. í teikningum, mótun í leir eða á annan hátt. Sköpunarþörf barna er mikil, þau teikna, mála og móta frjálst eftir eigin hugmyndum á sinn sérstæða hátt. Í myndgerð þeirra kemur fram ýmist það markverðasta í reynslu þeirra og það sem þeim er hugleikið. Megináherslu ber að leggja á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í alhliða þroska barna. Ber því að ýta undir sjálfstæða myndsköpun en forðast að láta öll börn vinna eins.

Leikskóla ber að sjá barni fyrir fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og leiðbeina því og örva til sjálfstæðra verka. Barni þarf að ætla góðan og samfelldan tíma og aðstöðu til myndsköpunar. Við myndsköpun í hópi gleðst barnið með félögum sínum yfir sameiginlegu verki.

Að skynja og skilja list er hæfileiki sem þróast með barninu. Leikskólinn á að sjá til þess að barnið komist í kynni við ýmiss konar listaverk og listiðnað. Lærdómsríkt er fyrir barn að fara á listsýningar og listasöfn og heim-sækja jafnvel vinnustofur lista- og listiðnaðarmanna. Slíkar ferðir þarf að undirbúa vel svo að barnið geti notið þeirra undir leiðsögn.

Leikskólakennari þarf að vera vakandi fyrir tækifærum í umhverfinu sem geta orðið kveikja að myndverkum barna. Hann þarf að vera hugmyndaríkur gagnvart fjölbreytilegum

efnivið og skapa skilyrði til þess að hægt sé að nýta sér hann. Leikskólakennari verður að vera reiðubúinn að taka þátt í sköpunarferlinu með barninu og gleðjast með því.

Tónlist

Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Leitast skal við að flétta tónlist inn í sjálfsprottinn leik barns, flétta þar saman hljóð, hrynjandi og hreyfingu.

Í tónlistaruppeldi leikskóla á að stuðla að því að barn þroski með sér

- næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi
- frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist

Söngur

Í leik syngja börn, hjala, söngla og raula af einskærri ánægju og lífsgleði. Mikilvægt er að veita þessum sjálfsprottna söng og söngli barna eftirtekt og örvun. Börn hafa einnig mikla gleði af alls konar spunasöng sem tengir þau saman í áhugahóp og hópsöngur eykur samkennd barna. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lagaval sem hæfir söngrodd barna og þroska og texta sem vekja áhuga þeirra. Enn fremur ber að huga að skapandi þætti söngs. Hvetja á börn til að syngjast á, þ.e. að „tala saman“ í tónum. Þau gera það oft sjálfkrafa í leik sínum og samskiptum. Einnig á að örva börn til tónsmíða.

Hreyfing og hrynjandi

Barn tengir oft hljóð og tóna við reglubundnar líkams-hreyfingar, það hreyfir sig eftir tónlist, snýr sér í hringi, ruggar sér og happar. Barni er eðlilegt að tengja raddhljóð við hreyfingu og hrynjandi. Margs konar hreyfingar barns í leik koma því til að söngla og syngja. Hvetja skal barn til



frjálsrar túlkunar og skapandi hreyfinga þar sem það tjáir tilfinningar og hughrif sem tónlistin vekur.

Með samleik tóna og hreyfinga nemur barn grunnatriði tónlistar. Barn getur lýst með hreyfingum mismunandi tónlengd, tónhæð, blæ, styrk og formi þeirrar tónlistar sem það heyrir.

Hljóðgjafar og hljóðfæri

Barn skynjar smám saman og greinir margvísleg hljóð úr umhverfi sínu og breytileika þeirra. Það lærir að skynja hæð, lengd og styrk hljóðs í leik með hljóðgjafa. Með aukinni reynslu og hvatningu fer barn að hlusta betur og vinna úr tónlistarreynslu sinni.

Ýmsa hljóðgjafa er hægt nota í tónlistaruppeldi barna. Barn þarf að hafa aðgang að margbreytilegum hljóðfærum og leggja ber áherslu á hljómgæði þeirra. Sögur og ævintýri öðlast meira líf þegar hljóðfæri eru notuð til að túlka ýmsar persónur sögunnar. Leikur barna á hljóðfæri verður að byggjast á áhuga þeirra og löngun til að gera tilraunir með hljóð og tjá sig með þeim.

Hlustun

Hluti tónlistaruppeldis er að hlusta á margvísleg hljóð. Barn kannar hljóðheim sinn, hlustar á umhverfið og náttúruna. Í leikskóla er nauðsynlegt að leggja áherslu á virka hlustun barna. Vekja þarf athygli þeirra á ýmsum hljóðum í náttúrunni, t.d. fuglakvaki, árníð og brimhljóði, svo og alls konar hljóðum í umhverfinu eins og fótataki barna og fullorðinna. Börn þurfa að læra að hlusta, ekki einungis að horfa á.

Markviss hlustun hjálpar barni að skilja tónverk og greina hugblæ þess. Einnig lærir það að hlusta eftir og greina mynstur, hendingar og stef. Þegar barn fær næg og síendurtekin tækifæri til að hlusta á tónlist, hvort heldur er



lifandi tónlist eða af hljómdiskum, gerir það sér brátt grein fyrir mismunandi eigindum tónlistarinnar. Barnið lærir smám saman að greina sundur ýmis hljóðfæri, þekkja hljómblae þeirra og nafngreina þau. Mikils er um vert að börn hafi aðstöðu til að hlusta á tónlist á eigin forsendum.

Náttúra og umhverfi

Lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa er háð náttúrunni og náttúruöflunum. Þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar er því mannum lífsnauðsynleg. Auk þess er náttúran stöðugt undrunarefni. Barn þarf að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lifandi tengsl við hana og njóta hennar. Opna þarf augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og ábyrgðarkennd. Reynsla barns af náttúrunni fléttast iðulega inn í leik þess og myndsköpun.

Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Þetta má gera með því að ræða um dýr, plöntur, árstíðir, veðurfar, ræktun, umgengni um náttúruna og fleira.

Tengsl barns og náttúru

Leikskólakennara ber að fara í náttúruskoðunarferðir með börnunum. Börn eru næm og taka vel eftir hinu smáa í umhverfinu, þann áhuga ber að nýta. Fjölbreytileiki náttúrunnar er óendanleg uppspretta nýrra hugmynda, leikja, viðfangsefna og athugana.

Úti í náttúrunni kannar barnið ýmis fyrirbæri, skoðar og gerir tilraunir. Það leitar tengsla milli ólíkra fyrirbæra og lærir að draga ályktanir af þeim. Fylgjast skal vel með áhuga barnsins og vinna síðan frekar úr athugunum þess á ýmsa vegu. Nauðsynlegt er að hlusta vel á spurningar barnsins um náttúruna og hvetja það til að kanna fyrirbærin sjálf og leita svara við spurningum sínum.

Náttúrugripir, tæki og tilraunir

Helga má náttúru og vísindum svæði í leikstofu og koma þar



fyrir ýmsum náttúrugripum, efnum og tækjum sem börn geta leikið sér með og notið sér til fróðleiks og ánægju, t.d. ýmsum dýrum og steinum. Æskilegt er að börn komi sjálf með hluti í leikskólann sem þau hafa fundið, t.d. leggi, kjálka, horn og ýmiss konar bein sem fyrrum voru leikföng barna.

Einnig er ákjósanlegt að skapa tækifæri og aðstöðu í leikskóla til tilrauna og athugana barna. Í leikskóla eiga því að vera ýmis tæki í þessu skyni. Barn nýtur þess að sjá t.d. hvernig hlutir festast við segulstál, stækkunargler gerir lítinn hlut stóran og hvernig hitamælir stígur og hnígur. Tilraunir með vatn, heitt og kalt, eru í senn skemmtilegar og lærdómsríkar. Þannig öðlast barn smám saman skilning á náttúrunni og ýmsum fyrirbærum hennar.

Menning og samfélag

Barn kynnist smám saman því samfélagi sem það lifir í. Leikskólar eru í mismunandi umhverfi í atvinnulegu, félagslegu og menningarlegu tilliti eftir því hvar þeir eru — í borg eða bæ, við sjó eða í sveit. Leikskólastarf á hverjum stað mótast eðlilega af þessum ytri skilyrðum. Leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á.

Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði, eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og eru af ólíku bergi brotin. Ber leikskóla að taka tillit til þess í starfi sínu og skólánámskrágerð og efla með því tilfinningu sérhvers barns fyrir því að það tilheyri samfélaginu og sé hluti af því. Margvísleg samskipti við starfsemi utan leikskólans geta verið hluti þessarar viðleitni.

Ferðir — nágrennið

Börn fá snemma áhuga á nánasta umhverfi sínu og því sem þar fer fram. Þau eru forvitin og eftirtektarsöm. Áhuga þeirra og eftirtekt ber að efla og víkka áhugasvið þeirra og

sjóndeildarhring með skoðunarferðum í nágrenni leikskólans og með margvíslegum heimsóknum í þjónustu- og menningarstofnanir.

Vel þarf að nýta umhverfi leikskóla til gönguferða, leikja, náttúruskoðunar og hvers konar rannsókna. Í þessum ferðum fá börnin smám saman aukna tilfinningu fyrir vegalengdum og þær styrkja tengsl þeirra og skilning á samfélaginu og menningu þess.

Leggja þarf áherslu á reglur sem gilda um umferð og að gæta varúðar á götum. Börn þurfa að kynnst umferðinni og læra hegðunar- og umferðarreglur jafnskjótt og þau hafa þroska til. Þetta stuðlar að auknu öryggi þeirra og réttum viðbrögðum í umferðinni.

Tölvur

Tölvur verða æ ríkari þáttur í daglegu lífi manna: í starfi, námi og í tómstundaiðju. Barn í leikskóla þarf að kynnst tölvu og læra að nota hana á sinn hátt. Tölvur skulu því vera í leikskólum, t.d. í leikstofu þar sem hljóðlátir leikir fara fram, í námunda við bóka- og leshornið. Þar gefast tækifæri til samræðna og samleiks í friði og ró.

Val á forritum skal taka mið af uppeldisstefnu leikskólans. Forrit, sem krefjast ekki einungis vélrænna viðbragða heldur nokkurrar umhugsunar, henta best. Leggja ber áherslu á samstarf barna í tölvuvinnu því að þar eru þau fús að þiggja ráðleggingar og hjálp frá félögum sínum og deila reynslu með þeim. Örva skal barnið til sjálfstæðra vinnubragða, að það reyni sjálft og prófi ýmsar leiðir. Leita skal hæfilegs jafnvægis milli stúlkna og drengja í leik með tölvu.

Aðeins hluti barna hefur aðgang að tölvu á heimili sínu. Tölvunotkun barna í leikskólum er því einnig til að jafna uppeldisskilyrði þeirra. Því þarf að gæta þess að öll börnin vinni með tölvu.



Hátíðir og hefðir

Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum en einnig á ýmsan hátt í leikskólum. Þennan menningararf þarf leikskólinn að styðja við og börn að læra að virða. Styrkir það þjóðarvitund þeirra.

Ýmsa atburði líðandi stundar ber einnig að taka til umfjöllunar í leikskólum með ýmsum hætti. Í leikskólum eru jafnframt sérstakar hefðir ríkjandi sem gefa tilefni til hátíðar, eins og til dæmis á afmæli barns.

Samskipti við aðrar þjóðir

Ísland er þátttakandi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Áhugi barna á öðrum þjóðum vaknar snemma og ber að efla þann áhuga. Samskipti og tengsl milli þjóða og ólíkra menningarsvæða verða æ tíðari og nánari. Með auknum samgöngum, ferðalögum og flutningum fólks milli landa og heimsálfna eykst þekking barna um líf fólks á fjarlægum slóðum. Opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja eða þekkttra manna gefa tilefni til að fræða börnin um viðkomandi land og þjóð.

Ár hvert hvetja Sameinuðu þjóðirnar til ýmissa alþjóðlegra viðfangsefna, t.d. „Ár hafsins“ og „Ár trésins“. Vinna með slík þemaverkefni eykur skilning barna og ábyrgðarkennd. Sameiginleg baráttu- og áhugamál auka samkennd þjóða.

Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína sérstæðu menningu sem ber að meta og virða. Þótt þjóðir heims séu ólíkar í siðum og háttum eiga þær að geta lifað saman í sátt og samlyndi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða. Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru.



SAMSTARF HEIMILIS OG LEIKSKÓLA

Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Leikskólastjóra ber skylda til, samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla, að stuðla að samstarfi heimila og leikskóla.

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna

Kynning á leikskólanum

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barn byrjar í leikskóla. Leikskólastjóri og leikskólakennari skulu kynna leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynna ber aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, húsakynni, efnivið og leiksvæði. Einnig ber að kynna starfsfólk fyrir foreldrum.

Foreldrar skulu einnig kynnast helstu hefðum og siðum sem gilda í leikskólanum og fá upplýsingar um foreldrafélag leikskólans og starfsemi þess.

Aðlögunartími

Í upphafi leikskólagöngu barns þarf að gefa því góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. Aðlögunartíma ber að skipuleggja í samráði við foreldra. Náin tengsl við tiltekinn leikskólakennara eru mikilvæg fyrir farsæla aðlögun barnsins. Sami leikskólakennari skal því helst taka á móti barninu og foreldrum þess í upphafi leikskólagöngu og bera ábyrgð á aðlögunarferlinu. Foreldrar skulu á aðlögunartímanum fá tækifæri til þess að dvelja með barninu og kynnast um leið leikskólanum og starfsháttum hans.

Samstarf og samtöl við foreldra

Nauðsynlegt er að foreldrar gefi leikskólakennara upplýsingar um hagi barnsins og fræðist jafnframt um starf deildar. Nauðsynlegt er fyrir leikskólakennara að fá heildarmynd af þroska barns þegar í upphafi. Leikskólakennara ber að fylgjast með því hvernig barn hegðar sér og dafnar í leik og starfi, úti og inni.

Dagleg samskipti

Foreldrar þurfa að fylgjast með því sem helst hefur drifið á daga barns í leikskóla og leikskólakennari þarf að vita um helstu atburði í lífi barnsins utan leikskólans, t.d. ferðalög, leikhúsferðir og afmæli, sem gaman er fyrir barnið að segja frá. Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólakennara barns vita ef breytingar verða á högum þess og fjölskyldulífi. Börn eru næm á allar breytingar og geta þær haft áhrif á líðan þeirra og hegðun.



Foreldrasamtöl

Gefa á foreldrum kost á að ræða við leikskólakennara um hagi barnsins þegar þeir óska þess. Foreldrar þurfa að fá upplýsingar um stöðu barns og líðan þess í leikskóla. Leikskólakennari byggir þá upplýsingar um barnið á þekkingu sinni á færni þess og þroska, ásamt skráðum athugunum á barninu í leik og starfi. Samræður foreldra og leikskólakennara þurfa að vera vel undirbúnar af beggja hálfu. Leikskólakennari ber ábyrgð á að reglulega sé rætt við foreldra. Fara ber með allar upplýsingar um barnið sem trúnaðarmál.

Almennar upplýsingar og fræðsla

Leikskóla ber að veita foreldrum barna upplýsingar og fræðslu um leikskólastarfið: með daglegum upplýsingum á upplýsingatöflu, í fréttabréfum eða á heimasíðu leikskólans á Netinu og á foreldrafundum. Með þessu er tryggt að allir foreldrar hafi aðgang að sömu upplýsingum frá leikskólanum.

Foreldrafundir, foreldrafélög og þátttaka foreldra í leikskólastarfi

Við sérhvern leikskóla skal starfa foreldrafélag og foreldrafundir skulu haldnir reglulega og skulu foreldrar hafðir með í ráðum við undirbúning þeirra. Foreldrar geta á ýmsan hátt tekið þátt í starfi leikskólans. Þeir geta fylgst með og verið þátttakendur í starfinu daglangt eða hluta úr degi. Einnig geta þeir verið með í ferðum á vegum leikskólans og tekið þátt í skipulagningu þeirra.

Opið hús

Æskilegt er að bjóða foreldrum og aðstandendum barnanna öðru hverju í sérstaka heimsókn í leikskólann, t.d. í tengslum við sýningar og leikskólahátíðir. Með þeim hætti kynnast foreldrar og aðstandendur verkefnum barnanna.





TENGLI LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leikskóla og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Samvinna skólastjóra, kennara og foreldra

Sérstaklega er mælt með því að skólastjórar leikskóla og grunnskóla hafi með sér samvinnu og skipuleggi samstarf milli skólastiganna og taki ábyrgð á samstarfinu. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar verða að þekkja vel til hugmynda og vinnubragða hver annars. Þeir þurfa að ræða saman og skiptast á skoðunum um börn, uppeldi, nám og kennslu og hvernig ber að skilgreina þær kröfur sem gera má til barna á mismunandi þroskaskeiðum. Ber að kynna og ræða áherslur í uppeldisstarfi beggja skólastiganna. Einnig þarf að ræða hvernig auðvelda má barninu breytingar er verða á námi þess og skólalífi þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Ekki er síður gagnlegt fyrir foreldrafélög eða foreldrahópa á báðum skólastigum að hafa samvinnu og samráð sín á milli.

Heimsóknir nemenda og sameiginleg verkefni

Gagnkvæmar heimsóknir nemenda leikskóla og grunnskóla eru heppileg leið til þess að tengja skólastigin saman í huga barnsins. Æskilegt er að barn í leikskóla kynnist grunnskólanum: byggingunni, skólalóðinni og skólastofunni.

Skapa má tengsl á milli elstu barna leikskóla og yngstu barna grunnskóla með sameiginlegum verkefnum í tengslum við næsta umhverfi skólanna.



SKÓLANÁMSKRÁR

Skólanámskrá

Aðalnámskrá leikskóla er lögum samkvæmt hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstarfi í leikskólum landsins. Á grunni aðalnámskrárinnar ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. Við gerð skólanámskrár þarf að taka mið af aðalnámskrá leikskóla, starfsmannastefnu leikskólans, skipuriti og stjórnunarháttum. Skólanámskrána ber að kynna fyrir foreldrum.

Leikskólar búa við mismunandi aðstæður í félagslegu og landfræðilegu tilliti. Þessa sérstöðu leikskólanna ber að nýta og virða. Aðalnámskráin er höfð sveigjanleg m.a. í þeim tilgangi að veita svigrúm fyrir sérstöðu sérhvers leikskóla. Markmið námskráa fyrir einstaka leikskóla er að laga aðalnámskrána að aðstöðu, möguleikum og hefðum hvers leikskóla og að gera hana virkari í daglegu starfi skólans. Hún er jafnframt grundvöllur þess að hægt sé að leggja mat á uppeldisstarfið í leikskólanum eins og lög standa til.

Skólanámskrá á að veita í stórum dráttum heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Í henni skal flétta saman sem flesta þætti uppeldisstarfsins. Leggja þarf áherslu á að skólanámskrá sé í nánnum tengslum við áhuga barna, reynslu þeirra, daglegt líf og nánasta umhverfi. Námskráin skal vera í rituðu formi og öllum aðgengileg sem málið varðar.

Námskrárgerð krefst þekkingar, vinnu og tíma en hún má ekki taka of mikinn tíma frá virku uppeldisstarfi. Markmið skólanámskrár er fyrst og fremst að skipuleggja uppeldisstarfið og nám barnanna og stuðla að skilvirkara starfi í

leikskóla. Skólanámskrá skal vera í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans, svo og þær áherslur og sérstöku markmið sem hver leikskóli setur sér. Leikskólastarf og skólanámskrá á að vera í sífelldri þróun.

Skólanámskrá á að vera rökstuddur og raunhæfur leiðarvísir um hvað og hvernig, hvenær og hvar hinir fjölbreytilegu starfsþættir leikskólans eiga að fara fram. Hún á að sýna hvernig skólinn hyggst vinna að þeim uppeldismarkmiðum sem aðalnámskrá setur, hvernig þörfum hvers barns verði mætt og hvernig starfið skuli skipulagt og samþætt. Í skólanámskrá skal taka tillit til aldurs, þroska og þarfa barna og séraðstæðna skólans.

Skólanámskrá

- gerir leikskólastarfið sýnilegra
- veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla
- gerir leikskólastarfið markvissara og auðveldara
- veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- gerir nýliðum auðveldara að komast inn í starfið
- auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila

Við gerð skólanámskrár þarf að taka tillit til allra starfsþátta og ákveða hvar skal leggja sérstakar áherslur. Skólanámskrá skal taka mið af aðstæðum leikskólans. Taka þarf tillit til ýmissa ytri þátta starfseminnar, svo sem hvenær leikskólinn er opinn, komu- og brottfarartíma barna, vinnutíma starfsmanna, matar- og kaffitíma þeirra, vakta- og verkaskiptingar. Staðsetning leikskóla, staðhættir og staðarmenning, húsakynni, útivistarsvæði og aðbúnaður allur hefur einnig áhrif á námskrá sérhvers leikskóla, sem og menntun, reynsla og hæfileikar starfsfólks og fjöldi þess.



Undirbúningur skólanámskrár

Til að ná sem bestum árangri skal allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og faglegrar þekkingar. Þetta eykur einnig áhuga starfsfólksins á að framfylgja þeim áætlunum sem gerðar eru. Þegar skólanámskrá er í móttöku er nauðsynlegt að nýta þekkingu foreldra á eigin börnum og kanna viðhorf þeirra til ýmissa mála. Hver leikskóli þarf að finna hentugt form fyrir þátttöku foreldra í gerð námskrárinnar.

Við námskrárgerð skulu verkefni starfsfólks tilgreind. Stjórnandi leikskóladeildar ber ábyrgð á námskrárgerð á sinni deild og sér um framkvæmd hennar. Leikskólastjóri ber ábyrgð á heildarstefnu skólanámskrár og sér um að allar áætlanir séu í samræmi við lög og reglur.

Ræða þarf þær uppeldiskenningar og uppeldisaðferðir sem leikskóli kann að velja sér og athuga hvort þær samrýmast aðalnámskrá leikskóla og hvernig þær tengjast henni og hvernig þeim verði best framfylgt. Markviss umræða um námskrána er mikilvæg og leiðir til aukinnar fagvitundar og faglegrar vinnubragða. Í skólanámskrá skal fjalla um uppeldisaðferðir og áherslur, um ábyrgð í orði og verki og ákvarðanatöku á ýmsum sviðum. Einnig þarf að fjalla um frjálsræði barna og takmarkanir.

Hafa ber í huga meginmarkmið leikskólastarfsins og gildi uppeldis-, náms- og starfsþátta í gerð námskrár.

Auk þess þarf að gera sér grein fyrir

- hvernig barn tileinkar sér þekkingu
- hvaða efniviður og aðstæður eru nauðsynlegar til þess að árangur náist
- hverjir eru þátttakendur í starfinu (aldur barnanna, hópar eða einstaklingar)
- hvaða svæði á að nota (inni eða úti)



Uppeldisstarfið á að skipuleggja miðað við aldur, þroska og uppeldisskilyrði barna og samsetningu barnahópsins.

Við mótun skólanámskrár þarf að ræða í ljósi þekkingar á þroska og getu barnsins

- hvað á að gera með börnunum
- hvers vegna á að gera það
- hvernig á að framkvæma það
- hvenær á að gera það
- hve löngum tíma á að verja til þess
- hvernig á að vinna til að ná settu marki

Námskrár um afmarkaða þætti

Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána. Slíka námskrá er hægt að gera fyrir hvern dag, viku, mánuð eða misseri; einnig fyrir tiltekið þema, verkefni, deild, hóp og/eða einstaklinga.

Dagsáætlun/dagskipulag

Dagsáætlun eða dagskipulag er ramminn um uppeldisstarfið fyrir einstaka daga. Fastir liðir eru þá tímasettir nokkuð nákvæmlega.

Vikuáætlun

Í vikuáætlun eru uppeldis- og námssviðin tilgreind nánar. Vikuáætlun á að gefa yfirlit yfir þætti starfseminnar og stuðla að því að uppeldisstarfið verði hæfilega fjölbreytt.

Námskrá fyrir leik- og námssvæði

Námskráin gefur upplýsingar um námsleg markmið fyrir hvert leiksvæði þar sem fram kemur hvers konar efniviður á vera til staðar og hve aðgengilegur hann á að vera.

Námskrá um leikni barna

Námskráin gefur mynd af þeirri leikni sem álitíð er að börn þurfi að búa yfir. Nauðsynlegt er að skilgreina þá leikni og með hvaða hætti hægt sé að örva hana.

Einstaklingsnámskrá

Námskráin á að gefa upplýsingar um markmið sem hafa verið sett fyrir hvert barn og þær leiðir sem fara á til að ná þeim.

Deildarnámskrá

Námskráin á að greina frá uppeldislegum leiðum hvorrar deildar.

Þemanámskrá

Námskráin er um tiltekið þema sem unnið er með á ýmsan hátt: í alls konar leikjum, með lestri bóka, með frásögnum, í myndsköpun o.fl. Námskrá um þema nær til tiltekinna viðfangs- eða fræðsluefna og getur náð yfir lengri eða skemmri tíma.





MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega skal gera grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum matsins.

Mati á leikskólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat leikskólans og skal það framkvæmt af starfsmönnum hans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi leikskólans sem gerð er af utanaðkomandi aðila.

Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati skal taka mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Mat á að leiða í ljós hvort markmiðum hefur verið náð og hvort breytinga er þörf. Sjálfsmatið gerir starfsfólki jafnframt auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um leikskólastarfið sem heild eða einstaka þætti þess. Sjálfsmat er því einnig leið til að miðla þekkingu og upplýsingum um leikskólastarf. Leikskólum er í sjálfsvald sett hvaða aðferð þeir beita við sjálfsmatið.

Sjálfsmat leikskóla á að vera samvinnuverkefni þeirra sem tengjast starfinu. Stjórnandi matsins deilir út verkefnum, skipuleggur skýrslugerð og setur fram ábendingar og tillögur til hópsins sem vinnur matið. Ákveða skal hvað á

að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Taka á saman upplýsingar um þá þætti sem eru til skoðunar.

Til að tryggja að matsvinna gangi vel þarf að

- fastsetja matstíma, upphaf og endi
- fastsetja fundartíma og lengd funda
- ákveða hvaða þætti á að taka til skoðunar
- ákveða hversu nákvæmlega á að skoða þá
- ákveða hversu langan tíma á að nota fyrir hvern þátt
- ákveða verkaskiptingu og forgangsröðun verkefna

Sjálfsmati skal ljúka með skýrslu. Þegar unnið er að sjálfsmati er nauðsynlegt að ákveða fyrirkomulag gagnaöflunar og skýrslugerðar.

Í skýrslu um sjálfsmat er nauðsynlegt að fram komi

- hverjum skýrslan er ætluð
- helstu niðurstöður mats
- veikleikar og styrkur starfseminnar
- tillögur eða ábendingar til breytinga og úrbóta

Viðmið fyrir sjálfsmat

Þau atriði, sem menntamálaráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, eru að sjálfsmatið sé:

Formlegt. Matið skal byggt á kerfisbundnum aðferðum sem lýst er í sjálfsmatsskýrslu. Þar skal einnig koma fram hvernig var staðið að verkinu og hverjir unnu það.

Altækt. Matið skal ná til allra helstu þátta leikskólastarfsins. Meta þarf markmið, stjórnun, framkvæmd uppeldis- og námssviða, framfarir og líðan barnanna og samvinnu meðal starfsfólksins og samvinnu við heimili barna.



Áreiðanlegt. Matið þarf að byggjast á traustum gögnum frá leikskólanum, jafnframt því að framkvæmdar séu viðhorfskannanir meðal foreldra, barna og starfsfólks.

Samstarfsmiðað. Allir, sem starfa í leikskólanum, þurfa að tengjast matinu. Verkaskipting og boðleiðir þurfa að vera skýrar. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna starfsmönnum umfang verkefnisins og sátt þarf að ríkja um framkvæmd þess. Huga þarf að þátttöku foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í kjölfar mats þarf að gera áætlun um umbætur og þróun á starfinu. Einnig þarf að benda á hvernig markmiðum umbótaáætlunarinnar verði náð og skilgreina þarf hvernig megi meta árangur.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Matið þarf að taka bæði til leikskólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna.

Lýsandi. Í sjálfsmatsskýrslu skal lýsa í stuttu máli starfsemi leikskólans í skrifuðum texta, með myndum og í töflum.

Greinandi. Í matinu skal koma skýrt fram greining á styrkleika og veikleika í einstökum þáttum leikskólastarfsins.

Opinbert. Ákveða þarf hverjir eiga að hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ytra mat

Menntamálaráðuneytið lætur, samkvæmt lögum um leikskóla, fara fram skipulegt ytra mat a.m.k. á einum leikskóla á ári. Rekstraraðili leikskóla getur einnig látið framkvæma slíkt mat. Mati er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla. Hægt er að fela sérfræðingi í mati með þekkingu á málefnum barna á leikskólaaldri að gera slíkt mat eða matshópi. Matsaðili eða matshópur getur nýtt sér sjálfsmatsskýrslu leikskólans. Sjálfsmat er þá tekið til nánari skoðunar auk þess sem matsaðili gerir eigin athuganir á starfsemi skólans, skólánámskrá hans, skipulagi, samskiptum innan skólans og við foreldra, svo að dæmi séu tekin. Gagnaöflun getur t.d. verið í formi einkaviðtala eða hópviðtala, athugana á staðnum og spurningalista. Matsaðili eða matshópur skilar niðurstöðum í skýrslu þar sem lýst er séreinkennum skólans, styrk hans og veikleika og leggja skal fram tillögur og ábendingar um breytingar. Niðurstöður úr mati ættu að leiða til aukinnar þekkingar og þróunar á leikskólastarfi.



Matsþættir

Við innra mat á leikskólastarfi skulu eftirfarandi atriði athuguð:

- Börn**
 - kyn
 - aldur
 - aldursskipting
 - fjöldi
 - barngildi
 - hópastarf

- Starfsfólk**
 - stöðugildi
 - menntun
 - reynsla
 - vinnutími
 - símenntun
 - væntingar
 - viðhorf

- Samskipti**
 - í starfsmannahópnum
 - við börn
 - við foreldra
 - við rekstraraðila
 - við aðila utan leikskóla

- Líðan**
 - barna
 - starfsfólks
 - foreldra

- Leikur og leikskólastarf**
 - leikurinn
 - barnahópurinn
 - sérþarfir barna
 - lífsleikni
 - daglegt líf í leikskóla

- Námssvið leikskóla**
 - hreyfing
 - málrækt
 - myndsköpun
 - tónlist



Við innra mat á leikskólastarfi skulu eftirfarandi atriði athuguð:

- náttúra og umhverfi
- menning og samfélag

**Skólanám-
skrárgerð**

- hvort unnið er samkvæmt aðalnámskrá leikskóla
- hvort unnið er samkvæmt skólanámskrá
- hvort unnið er samkvæmt einstökum námskrám

**Stjórnunar-
hættir**

- fundir
- boðleiðir
- samstarf
- verkaskipting
- ábyrgðarsvið
- starfsviðtöl
- faglegur stuðningur / aðstoð

**Samskipti og
tengsl utan
leikskólans**

- kynning á leikskólanum
- tengsl við ráðgjafarþjónustu
- tengsl við sálfræði- og sérkennsluþjónustu
- tengsl við aðra leikskóla
- tengsl við grunnskóla

**Samstarfs-
verkefni og
þróunarstarf**

- með öðrum leikskóla/leikskólum
- með grunnskóla/grunnskólum
- með hverfasamtökum / íþrótta- eða félagasamtökum
- í alþjóðlegum samskiptum
- þróunarverkefni í leikskóla

**Húsnæði/lóð,
útileiksvæði
og búnaður**

- aðstaða og öryggi barna
- aðstaða og öryggi starfsfólks

**Samstarf
heimilis og
leikskóla**

- upplýsingastreymi
- fundir og samtöl
- þátttaka foreldra
- viðhorf
- væntingar





ÞRÓUNARSTARF Í LEIKSKÓLUM

Samkvæmt lögum um leikskóla ber menntamálaráðuneytinu að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi í leikskólum. Markmið þróunarstarfs í leikskóla er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólastarfi. Þróunarverkefni felur í sér afmarkað og tímabundið viðfangsefni með vel skilgreindu markmiði.

Í upphafi þróunarstarfs þarf að skilgreina viðfangsefnið vel. Það verður að byggjast á traustri þekkingu og reynslu og skipuleggja þarf alla þætti verkefnisins vandlega.

Ferli þróunarstarfs

Ferli þróunarstarfsins má greina í sjö þrep. Þrepin eru sett hér fram í þeirri tímaröð sem fylgja þarf í stórum dráttum en sumir þættir eru þó unnir samtímis en stundum þarf að snúa til baka til fyrri þrepa.

Hugmynd og forathugun

Margt getur orðið kveikjan að þróunarstarfi. Niðurstaða sjálfsmats eða ytra mats getur orðið tilefni þróunarverkefnis. Hugmynd kemur ef til vill fram úr annarri átt um nýjung eða endurbót í leikskólastarfi. Sé talið æskilegt að ráðast í þróunarverkefni á grundvelli fram kominnar hugmyndar er rétt að fram fari forathugun á verkefninu, þ.e. metið sé lauslega umfang þess, líklegur árangur, leitað sé álitis fagfólks o.fl.

Skilgreining

Sé hugmynd talin álitleg er verkefnið skilgreint, afmarkað og greint í verkþætti. Oft er heppilegt að skoða það í ljósi spurninga:

- hvert er markmiðið með verkefninu?
- hvað er ætlunin að gera?
- hvað er unnt að gera?

Öflun upplýsinga og nýrrar þekkingar

Þróunarverkefni skal byggja, eftir því sem kostur er, á reynslu og rannsóknum annarra. Þá þarf oft að leita frekari upplýsinga í fagritum, sækja fyrirlestra eða fræðast um efnið með öðrum hætti.

Áætlunargerð/skipulagning

Verkefni þarf að afmarka miðað við markmið, aðstæður og metnað. Gera þarf ítarlega áætlun um alla þætti verkefnisins:

- tími, vinna og fé
- efniviður, hjálpargögn og aðstaða
- hver á að framkvæma hvern tiltekinn verkþátt og hvenær
- hvaða aðferðir eiga best við til gagnaöflunar

Stjórn þróunarverkefnis er oftast í höndum leikskólastjóra eða einhvers úr hópi starfsmanna. Stundum er þó æskilegt, jafnvel nauðsynlegt, að leita utanaðkomandi leiðsagnar, ýmist vegna faglegra leiðbeininga, verkstjórnar eða umsjónar.

Framkvæmd

Í framkvæmd verkefnis skal fylgst vel með hvort allir þættir þess séu í samræmi við gerða áætlun. Komi fram veruleg frávik þarf að bæta úr því sem úrskeiðis hefur farið. Stundum þarf þó að endurskoða upphaflega áætlun.



Skýrsla og mat

Þegar þróunarverkefni er lokið skal skila skýrslu þar sem verkefninu og niðurstöðum þess er lýst og árangur þess metinn. Nauðsynlegt er að gera úttekt á þeim árangri sem náðst hefur, þ.e. að sannprófa hvort og að hve miklu leyti markmiðum verkefnisins hefur verið náð.

Kynning

Lærdóm, sem draga má af þróunarstarfi, ber að varðveita og nýta áfram í starfi leikskóla. Auk þess er mikilvægt að miðla reynslunni til annarra. Ýmsar leiðir koma til greina:

- fyrirlestur
- skýrslugerð
- myndbanda- eða ljósmyndasýning
- kynning á Netinu
- sýning á námsgögnum

Endanlegt mat á árangri þróunarverkefnis birtist í því í hve ríkum mæli það bætir og auðgar starf í leikskólum.

